

Hreinn ávinningu



Hvaða valkostir eru í boði
í umhverfisvottun á Íslandi?

Kynningarrit um umhverfisvottanir



Vottanir

ISO 14001

ISO 14001 er staðall Alþjóðlegu staðlasamtakanna (International Organization for Standardization, ISO) fyrir umhverfisstjórnunarkerfi. Nánar tiltekið er þetta hluti af ISO 14000 staðlaröðinni sem inniheldur hátt í 30 staðla og leiðbeiningar um umhverfisstjórnun.

ISO 14001 staðallinn nær yfir stefnumótun, markmiðssetningu, framkvæmd og eftirlit allra umhverfispáttá sem viðkomandi fyrirtæki getur stýrt eða haft áhrif á. Staðallinn inniheldur hins vegar ekki töluleg viðmið um lágmarksframmistöðu í einstökum umhverfispáttum. Skilyrði er þó að lögum sé ávallt fylgt. Fyrirtæki setja sér eigin markmið um úrbætur, ásamt áætlunum um hvernig þessum markmiðum skuli náð. Staðallinn gerir kröfu um að þessar áætlanir liggi fyrir og að þeim sé fylgt, að til séu verklagsreglur, og að skráning og vistun upplýsinga uppfylli tiltekin skilyrði, svo eitthvað sé nefnt.

Fyrirtæki, sem byggð hefur upp umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum, getur fengið kerfið vottað af óháðum aðila, ISO 14001 vottun.



Umsögn fyrirtækis:

Með ISO 14001 hefur dregið verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum af rekstri fyrirtækisins. Miklir fjármunir hafa sparast, m.a. vegna minni olíunotkunar. Ímynd fyrirtækisins hefur batnað og samkeppnisstaðan efst.

Pálmars Sigurðsson, gæða- og umhverfisstjóri Hópbíla hf.

Styrkleikar

- Mikil útbreiðsla um allan heim, um 90.000 fyrirtæki vottuð
- Nýttist hvers konar fyrirtækjum og stofnunum
- Byggist á sama grunni og gæðastjórnunarstaðallinn ISO 9001
- Tryggir stöðugar umbærtur í umhverfisstarfinu

Veikleikar

- Ekki kröfur um frammistöðu í einstökum umhverfispáttum
- Vörumerki má ekki nota í markaðssetningu
- Margir telja kerfið þungt í vöfum fyrir smærri fyrirtæki

Vottanir á Íslandi

Dags. 1. september 2005:

- Alcan á Íslandi hf., www.alcan.is
- Borgarplast hf., www.borgarplast.is
- Árvakur hf., útgáfufélag Morgunblaðsins, www.mbl.is/mm/mogginn
- Hópbílar hf., www.hopbilar.is
- Hagvagnar hf., www.hopbilar.is

Nánari upplýsingar veita m.a.:

- Staðlaráð Íslands, www.stadlar.is
- www.iso.org
- www.tc207.org

EMAS

EMAS (Eco-Management and Audit Scheme) er stjórnæki fyrir fyrirtæki og stofnanir til að meta, upplýsa um og bæta árangur sinn í umhverfismálum. Kerfið byggist á Evrópureglugerð EEC 1836/93 og á breytingum sem gerðar voru með reglugerð EC 761/2001. Aðilar sem uppfylla ákvæði reglugerðanna geta fengið svonefnnda EMAS-skráningu eftir úttekt óháðra aðila.

Til að fá skráningu samkvæmt EMAS þarf viðkomandi aðili að byggja upp umhverfisstjórnunarkerfi sem stenst kröfur ISO 14001. Auk þess þarf að uppfylla nokkur viðbótarskilyrði, þ.a.m. um birtingu umhverfisupplýsinga. EMAS-skráning getur þannig með einföldum hætti komið í beinu framhaldi af vottun samkvæmt ISO 14001.



Styrkleikar

- Nokkuð útbreitt í Evrópu, rúmlega 3.000 fyrirtæki skráð
- Byggist á sama grunni og ISO 14001
- Nýtist hvers konar fyrirtækjum og stofnunum
- Merkið nýtist við markaðssetningu fyrirtækis (ekki vöru)
- Tryggir stöðugar umbætur í umhverfisstarfinu

Veikleikar

- Ekki kröfur um frammistöðu í einstökum umhverfispáttum
- Lítið þekkt utan Evrópu
- Margir telja kerfið þungt í vöfum fyrir smærri fyrirtæki

Vottanir á Íslandi

Dags. 1. september 2005:

- Engin vottun

Nánari upplýsingar veita m.a.:

- www.europa.eu.int/comm/environment/emas
- www.inem.org/new_toolkit

EVROPUBLÓMIÐ

Evrópublómið er sameiginlegt umhverfismerki stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu. Merkinu var komið á fót 1992.

Evrópublómið er að mörgu leyti hliðstætt Svaninum og byggist á sömu hugmyndafræði. Bæði eru umhverfismerki af gerð 1 (skv. ISO 14024) en markaðssvæði Blómsins er eðlilega mun stærra. Evrópublómið hefur hins vegar þróast hægar en Svanurinn enda fleiri sjónarmið sem þarf að samræma ádur en viðmiðunarreglur eru gefnar út.

Nú fást yfir 300 vörutegundir merktar Evrópublóminu á Evrópska efnahagssvæðinu. Um er að ræða vörur innan 20 vöruflokkja, svo sem tölvir, jarðvegsbæti, málningu, textílefni, ljósaperur og skó. Hér á landi hafa aðeins fengist örfáar vörutegundir með Evrópublóminu og ekkert íslenskt fyrirtæki hefur fengið þá vottun á vörur sínar eða þjónustu.



Styrkleikar

- Opinbert umhverfismerki Evrópusambandsins
- Strangar og skýrar kröfur um gæði vöru og umhverfisþætti
- Vörumerki sem nýtist við markaðssetningu vöru og þjónustu

Veikleikar

- Taktmörkuð útbreiðsla, tiltölulega fáar vottanir

Vottanir á Íslandi

Dags. 1. september 2005:

- Engin vottun

Nánari upplýsingar veita m.a.:

- Umhverfisstofnun, www.ust.is
- www.blomman.nu
- www.europa.eu.int/comm/environment/ecolabel
- www.eco-label.com

SVANURINN

Svanurinn er sameiginlegt umhverfismerki stjórvalda á Norðurlöndunum en Norræna ráðherranefndin setti það á laggirnar 1989. Í upphafi hófu Svíar, Norðmenn og Finnar þetta samstarf en Íslendingar bættust í hóppin 1991 og Danir 1997.

Svanurinn byggist á viðmiðunarkröfum sem taka til margra þáttu á öllum lífsferli viðkomandi vöru eða þjónustu, bæði hvað varðar notagildi og umhverfisáhrif. Séu kröfurnar uppfylltar fæst leyfi til að nota Svansmerkið. Svanurinn er trygging neytenda fyrir gæðavöru sem skaðar umhverfið minna en aðrar vörur til sömu nota. Viðmiðunarreglur Svansins gilda almennt í þrjú ár en eru þá endurskoðaðar. Miðað er við að u.þ.b. 30% af vörum í viðkomandi flokki geti staðist kröfurnar á hverjum tíma.



Fyrstu svansmerktu vörurnar komu á markað 1991. Nú hafa verið gefnar út viðmiðunarreglur fyrir 65 tegundir af vöru og þjónustu og svansmerktar vörur á norrænum markaði eru hátt á þriðja þúsund. Hér lendis má finna nokkra tugi af svansmerktum vörum í rúmlega 20 vöruflokkum. Þar á meðal má nefna prentpappír, þvottaefni, rafhlöður, tölvur, sláttuvélar, gistingu og byggingarplötur. Sjö íslenskir framleiðendur hafa fengið leyfi til að merkja vöru sína eða þjónustu með Svaninum.

Styrkleikar

- Opinbert umhverfismerki Norðurlanda
- Þekkt og virt á Norðurlöndum
- Strangar og skýrar kröfur um gæði vöru og umhverfisþætti
- Vörumerki sem nýtist við markaðssetningu vöru og þjónustu

Veikleikar

- Takmarkað við norræna framleiðendur

Umsögn fyrirtækis:

Svansvottun Hótelss Eldhesta vekur eftirtekt og aðdáun gesta, einkum frá Noregi og Svíþjóð. Reyndar gildir þetta ekki aðeins um hótelrið sem slíkt heldur einnig hótelrúmin frá Hästens sem eru líka svansmerkt. Þetta hefur skapað hótelinu jákvæða ímynd og ný tækifæri í markaðssetningu.

Hróðmar Bjarnason, framkvæmdastjóri Eldhesta ehf.

Vottanir á Íslandi

Dags. 1. september 2005:

- Marabon milt þvottaefni frá MjöllFrígg, www.mjollfrigg.is
- Prentverk Hjá GuðjónÓ, www.gudjono.is
- Undri iðnaðarhreinsiefni frá S. Hólm, www.undri.is
- Gisting hjá Hótel Eldhestum, www.eldhestar.is
- Gisting hjá Farfuglaheimilinu í Reykjavík, www.hostel.is
- Ræstíþjónusta hjá Fyrirtækjabjónustu Enjo, www.enjo.net
- Prentverk hjá Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, www.mbl.is/mm/mogginn

Nánari upplýsingar veita m.a.:

- Umhverfisstofnun, www.ust.is
- www.svanen.nu

GREEN GLOBE 21

Green Globe 21 er alþjóðleg umhverfisvottun ferðaþjónustunnar, byggð á Dagskrá 21 og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Alþjóðaferðamálasamtökin (WTTC) lögðu grunninn að Green Globe 21 árið 1993 en árið 1999 var farið að bjóða óháða vottun samkvæmt nýjum staðli. Staðlar Green Globe 21 ná nú til allra greina ferðaþjónustunnar auk þess sem hægt er að fá einstök samfélög vottuð samkvæmt sérstökum staðli. Samtals hafa nokkuð á annað hundrað fyrirtæki fengið vottun.



Höfuðstöðvar Green Globe 21 eru í Ástralíu. Kerfið hefur náð mestri útbreiðslu í löndum við Kyrrahaf og í Karíbahafi en samtals hefur verið unnið að undirbúningi að vottun fyrirtækja í yfir 50 löndum. Íslendingar hafa gegnt ákveðnu forystuhlutverki í útbreiðslu Green Globe 21 á norðurhveli jarðar, sérstaklega hvað varðar vottun samfélaga. U.p.b. 35 rekstraraðilar á Íslandi eiga aðild að Green Globe 21, þar af um 30 innan Ferðaþjónustu bænda.

Til að fá vottun Green Globe 21 þarf viðkomandi að byggja upp umhverfisstjórnunarkerfi sem tekur mið af ISO 14001. Auk þess þarf að uppfylla tilteknar viðmiðunarkröfur um umhverfislega frammistöðu.

Styrkleikar

- Alþjóðlegt merki
- Vottar hvers konar ferðaþjónustufyrirtæki
- Staðall fyrir samfélög, sá eini sinnar tegundar
- Merkið nýttist við markaðssetningu
- Tryggir stöðugar umbætur í umhverfisstarfinu

Veikleikar

- Takmörkuð útbreiðsla á norðurhveli jarðar
- Einskoraðað við ferðaþjónustu og samfélög

Umsögn fyrirtækis:

EKKI LEIKUR NOKKUR VAFI Á AÐ UMHVERFISSTEFNA OG UMHVERFISSTJÓRNUN Á HÓTEL HELNUM, SVO OG VOTTUN GREEN GLOBE 21, HEFUR LEITT TIL AÐHALDS OG SKIPULAGNINGAR Í REKSTRI SEM HEFUR DREGIÐ ÚR ÖLLUM KOSTNAÐI VIÐ HANN. AÐ AUKİ HEFUR SÚ EFTIRTEKT, SEM UMHVERFISSTJÓRNUN FYRIRTÆKISINS HEFUR VAKIÐ MEÐAL INNLENDRA SEM OG ERLENDRA VIÐSKIPTAVINA, LEITT TIL ÞESS AÐ ÞAÐ HEFUR LAÐAÐ TIL SÍN GESTI SEM VILJA KAUPA EINMITT SVONA ÞJÓNUSTU.

Guðrún G. Bergmann, hótelstjóri Hótel Hellnum

Vottanir á Íslandi

Dags. 1. september 2005:
- Hótel Hellnar, www.hellnar.is

Nánari upplýsingar veita m.a.:

- Hólaskóli, www.holar.is/greenglobe21
- www.greenglobe21.com



BLÁFÁNINN

Bláfáninn er alþjóðlegt merki sem hefur þann tilgang að stuðla að verndun umhverfis hafna og baðstranda. Bláfáninn hljóta strendur og smábáthafnir sem fullnægja tilteknun viðmiðunarkröfum um gæði og þjónustu.

Bláfáninn var tekinn í notkun í Evrópu árið 1987 en hefur breiðst út um allan heim frá árinu 2001 sem alþjóðlegt tákni fyrir smábáthafnir og baðstrendur.

Fáninn er veittur til eins árs í senn og á þessu ári blaktir hann á rúmlega 3.000 stöðum í 33 löndum.

Samtökin Landvernd annast úthlutun og eftirlit með Bláfánanum á Íslandi og skipuleggja alla framkvæmd þar að lútandi í samstarfi við Fiskifélag Íslands, Félag umhverfis- og heilbrigðisfulltrúa, Hafnasambandið, Umhverfisstofnun, Samtök ferðaþjónustunnar og Slysvarnarfélagið Landsbjörg.



Umsögn fyrirtækis:

Bláfáninn hefur nýst okkur einkar vel í innra starfi. Hann heldur okkur við efnið og minnir okkur á. Margir gesta okkar, einkum Evrópubúar, þekkja merkið og líta það mjög jákvæðum augum.

Anna G. Sverrisdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri
Bláa lónsins hf.

Styrkleikar

- Alþjóðleg umhverfisvottun
- Mikil útbreiðsla, rúmlega 3.000 fánar í 33 löndum 2005
- Merkið nýtist við markaðssetningu

Veikleikar

- Vottar aðeins baðstrendur og smábáthafnir

Vottanir á Íslandi

- Dags. 1. september 2005:
- Bláa lónið, www.blaalonid.is
 - Yiströndin í Nauthólvík, www.itr.is
 - Smábáthöfnin í Stykkishólmi, www.stykkisholmur.is
 - Smábáthöfnin á Borgarfirði eystri, www.borgarfjordureystri.is

Nánari upplýsingar veita m.a.:

- Landvernd, www.landvernd.is/blafaninn
- www.blueflag.org
- www.fee-international.org



Vottanir

LÍFRÆN VOTTUN - TÚN

Vottunarstofan Tún er faggilt samkvæmt Evrópustaðli EN45011 til að votta að tiltekin vara hafi verið framleidd með lífrænum aðferðum í samræmi við íslenskar og evrópskar lagareglur um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Vottunin tryggar jafnframt að varan standist kröfur IFOAM (Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga).

Lífrænar aðferðir byggjast á framleiðslu þar sem tekið er tillit til allra þáttta lífkeðjunnar, þ.e. jarðvegs, vatns, gróðurs, dýra og manna. Notuð eru lífræn áburðar- og fóðurefni og náttúrulegar varnir gegn sjúkdómum og skordýrum. Kröfurnar, sem gerðar eru, taka einnig til hóflegrar landnýtingar, mannúðlegrar meðferðar dýra, aðgreiningar við meðhöndlun og úrvinnslu hráefna svo að nokkuð sé nefnt. Þá er notkun aukefna þróng takmörk sett og notkun erfðabreyttra lífvera með öllu óheimil.



Lífræn vottun tekur ekki aðeins til matvæla. Af öðrum vörum, sem hægt er að votta með þessum hætti, má nefna ull, trjáplontur, þaramjöl, nuddolíur og lækningajurtir. Veitingastaðir geta einnig fengið lífræna vottun að uppfylltum tilteknum skilyrðum um lífrænan uppruna hráefnis og fleira. Tún veitir heimild til notkunar á vottunarmerkjum Túns og Evrópusambandsins á grundvelli árlegs eftirlits með framleiðslunni. Tún getur einnig vottat aðföng til lífrænnar framleiðslu sem ekki er af „lífrænum“ uppruna, t.d. sölt, steinefni, þörungakalk og fleira.

Styrkleikar

- Samræmd vottun, sem byggist á Evrópureglugerð og reglum IFOAM
- Allur ferill afurðanna, frá ræktun/söfnun til pökkunar, er vottaður
- Hliðstæð vottun þekkt um allan heim
- Merkið nýtist við markaðssetningu (vörumerki)
- Ört vaxandi markaður

Veikleikar

- Lítill útbreiðsla á Íslandi, miðað við nágrennalöndin
- Lítill stuðningur stjórnvalda við framleiðendur vegna aðlögunar
- Einskorðað við tiltölulega fáar vörutegundir

Umsögn fyrirtækis:

Kostnaður vegna vottunar á lífrænum afurðum vegur lítið á móti þeim ávinnungi sem slík vottun hefur í för með sér. Þar er allt að vinna, engu að tapa og á það bæði við um neytendur sem framleiðendur.

Kristján Oddsson, bóndi á Neðri-Hálsi í Kjós

Vottanir á Íslandi

Dags. 1. september 2005:
30-40 aðilar með vottun

Nánari upplýsingar veita m.a.:

- Vottunarstofan Tún, www.mmedia.is/tun
- www.ifoam.org



Vottanir

Í þessum bæklingi er að finna yfirlit yfir þær umhverfisvottanir sem íslensk fyrirtæki hafa aðgang að og byggjast á óháðri úttekt þriðja aðila. Hér er ýmist um að ræða vottun á vöru, þjónustu eða stjórnun, en yfirleitt eru þó ekki skörp skil þar á milli.

Umhverfisvottun felur í sér margvíslega kosti. Sé vel á málum haldið nýtist vottunin í markaðssetningu og leiðir til bættrar nýtingar aðfanga og þar með fjármuna. Einnig getur vottun treyst samskipti við viðskiptavini og aukið ánægju starfsfólks.

Bæklingurinn er gefinn út í tengslum við ráðstefnuna „Hreinn áviningur - Hvað er að græða á umhverfisstarfi fyrirtækja?“ Ráðstefnan er haldin í samvinnu Samtaka atvinnulífsins, Umhverfisfræðsluráðs, Alþýðusambands Ísland og Samtaka iðnaðarins. Textann í bæklingnum skrifaði Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS ehf. Environice.

Útgefendur:



Umhverfis-
fræðsluráð



SI
Samtök iðnaðarins